



Valgreinar í 9. – 10. bekk

2021 – 2022

Námskeið 1

Nemendur velja námskeið á rafrænan hátt í gegnum þessa slóð:
<https://forms.gle/NtGHii8sDdWYJpJFA>

Námskeið 1 stendur yfir frá 30. ágúst – 11. október

- Áhersla er lögð á að nemendur velji valgreinar í samráði við foreldra
- Mætingaskylda er í valgreinum jafnt og í öðrum greinum
- Nemendur verða að reikna með heimaverkefnum og kröfum um verkefnaskil í öllum valgreinum og jafnvel lokaprófi
- Mikilvægt er að nemendur vandi val sitt og ef þeir eru í vafa að hafa þá samband við námsráðgjafa

Nemendur geta óskað eftir að fá undanþágu frá öðru námskeiðanna gegn því að fá tómskundaval metið. Æskilegt er að staðfesting á tómskundaiðkun liggja fyrir við upphaf skólaárs en einnig er hægt að skila inn milli námskeiða og gildir það þá út veturinn. Þegar nemandi hefur hafið námskeið verður hann að ljúka því. Eyðublað um undanþágu má fá hjá umsjónarkennara, Sigrúnu skrifstofustjóra og á heimasíðu skólans.

Bent er á að aðstæður geta valdið því að ekki sé unnt að verða við öllum óskum nemenda um fyrsta val á námskeið og mun þá næsti kostur verða valinn og síðan koll af kolli. Skólinn áskilur sér rétt til að draga til baka námskeið ef umsækjendur reynast of fáir.

10 námskeið eru í boði að þessu sinni, 5 í vali A og 5 í vali B. Nemendur velja sér 3 námskeið í vali A og 3 í vali B eftir því hvaða námskeiði þeir hafa mestan áhuga á. **Nemendur verða að velja sér eina verkgrein og eina listgrein yfir veturinn.** Valnámskeiðin eru 2 x 60 mínútur á viku.

Val A

Á ferð og flugi

Umsjón: Eydís Hörn Hermannsdóttir og Sofia Jóhannsdóttir

Staður: Sæmundarskóli og ýmsir staðir á höfuðborgarsvæðinu.

Tímabil: 30. ágúst – 13. október. Tvisvar í viku 60 mín í senn. Stundum förum við fram yfir áætlaðan tíma í töflu og dregst sá tími frá í lok tímabils eða eftir föngum. Við reynum að nýta gott veður til ferða en síðra veður fyrir innitíma og styttri ferðir.

Markmið og verkefni: Að kynna fyrir nemendum grunnatriði útivistar, hvaða möguleikar eru í boði og hvaða svæði liggja hér í nánasta umhverfi sem hver og einn getur nýtt sér síðar meir. Valið verður byggt upp á ýmsum ferðum og fræðslu vegna útivistar (t.d. bakpokinn minn, fatnaður, nesti, veðurspár og fl.).

Lögð er áhersla á að nemendur mæti í klæðnaði eftir veðri og með þann útbúnað sem til þarf í hvert skipti. Góðir skór og gott skap skipta miklu máli.

Mikilvægt er að nemendur séu tilbúnir til útivistar og mæti jákvæðir til ferða.

Hæfniviðmið: að nemandi

- geti sinnt velferð og hag samferðarfólks síns
- geti unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla
- geti sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms og unnið eftir þeim

Námsmat: Námsmat er í formi símats. Metin er vinna og þátttaka í tímum þar sem vinnusemi, frumkvæði, ábyrgð og samvinna eru til grundvallar. Í lok námskeiðsins verða hæfniviðmið metin og gefið er í bókstöfum.

Heimilisfræði (verkgrein)

Umsjón: Linda Jónína Steinarsdóttir

Tímafjöldi: 2 x 60 mínútur í 6 vikur

Verkefni: Rifjum upp það sem við vitum um almenna næringarfræði og ráðleggingar um gott mataræði. Vinnum verkefni þar sem nemendur velja sér eina uppskrift til þess að gera (breyta og bæta eftir þörfum), skila inn uppskrift og innkaupalista. Í valinu munum við matreiða einfalda og fljótlega rétti, baka brauð og kökur. Einnig munum við hafa einn tvöfaldan tíma og steikja kleinur.

Hæfniviðmið: að nemandi:

- geti beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúshöld
- geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu
- hafi fengið fræðslu um almenna næringarfræði og ráðleggingar um gott mataræði



Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi;

Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.

Íþróttir - Líkamsrækt í Reebok Fitness

Umsjón: Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson

Tímafjöldi: 1 x í viku á mánudögum frá kl. 14:15-16:00

Staður: Reebok Fitness Lambhagi Grafarholt

Markmið og verkefni: Markmið valgreinarinnar er að nemendur kynnist líkamsrækt á jákvæðan hátt og læri grunnfærni líkamsþjálfunar til heilsuþótar.

Hæfniviðmið: Hæfni í samskiptum snýr að því að nemandinn sýni áhuga á líkamsrækt, jákvæðni í þátttöku og sjálfstæði í vinnubrögðum til að auka færni sína.

Námsmat: Námsmat er í formi símats og frammistöðumats og gefið er í bókstöfum. Til grundvallar námsmati eru eftirfarandi þættir metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, framkoma og umgengni.

Nemendaráð

Umsjón: Hilja Guðmundsdóttir (síðan Dagmar Ólafsdóttir) ásamt Dittu úr Fókus (Kristjana Marín Jónsdóttir).

Tímafjöldi: Miðað er við eina kennslustund á viku yfir allan veturinn. Auk þess mæta nemendur í kringum viðburði á vegum skólans sem er til móts við þá kennslustund sem ætti að vera á mánudögum.

Verkefni: Nemendur sjá um félagsmál skólans, skipuleggja viðburði og halda utan um þá undir leiðsögn kennara.

Hæfniviðmið: að nemandi geti:

- tjáð hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir
- sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum við ólíka einstaklinga
- unnið sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn
- sýnt frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu
- nýtt margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun
- nýtt upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnin hátt
- leitað nýrra lausna
- haldið utan um og skipulagt viðburði

Námsmat: Símat. Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar námsmati eru eftirfarandi þættir: mæting, virkni, samskipti, sjálfstæði, vinnusemi og frumkvæði. Athugið, takmarkaður fjöldi nemenda í hverjum bekk kemst að í þessu námskeiði.

Skrekkur (listgrein)

Umsjón: Álfheiður Ingólfssdóttir og Katrín Guðbjartsdóttir

Markmið og verkefni: Saman búum við til atriði sem verður framlag Sæmundarskóla í Skrekk - hæfileikakeppni grunnskólanna.

Hæfniviðmið: að nemandi

- getið tekið þátt í samvinnu eð sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi
- geti unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum
- geti prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum texta

Námsmat: Metin er vinna og þátttaka í tímum þar sem vinnusemi, ábyrgð, umgengni og samskipti eru til grundvallar. Í lok námskeiðs verða hæfniviðmið metin og gefin einkunn samkvæmt námskrá.

Val B

Boltaval (knattspyrna, handbolti, blak, körfubolti, skotbolti)

Umsjón: Elmar Örn Hjaltalín

Tímafjöldi: 2 x 60 mínútur í 6 vikur

Staður: Verklegr kennsla í íþróttasalnum

Markmið og verkefni: Markmið valgreinarinnar er að nemendur öðlist aukinn leikskilning í gegnum verklegar æfingar og kennslu, stefnt er að því að nemandi öðlist almennan skilning á hugtökum í hinum ýmsu boltagreinum og geti nýtt sér þekkingu sína við að miðla öðrum. Viðfangsefni eru almenn tækni og undirstöðuatriði leikskilnings. Kennsla verður með verklegum hætti í íþróttasal skólans.

Hæfniviðmið: Hæfni í samskiptum snýr að því að nemandinn sýni áhuga á íþróttunum, jákvæðni í þátttöku og sjálfstæði í vinnubrögðum til að auka færni sína frekar í greinunum.

Námsmat: Námsmat er í formi símats og frammistöðumats og gefið er í bókstöfum. Til grundvallar námsmati eru eftirfarandi þættir metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, framkoma og umgengni.

Heimilisfræði (verkgrein)

Umsjón: Linda Jónína Steinarsdóttir

Tímafjöldi: 2 x 60 mínútur í 6 vikur

Verkefni: Umræðutími þar sem stuðst verður við kennslubókina Matur og menning, farið verður yfir matarræði og sjúkdóma, átröskun, jurtafæði, umbúðamerkingar, aukaefni í matvælum og fleira. Í valinu munum við matreiða einfalda og fljótlega rétti, baka brauð og kökur ásamt því að búa til bollakökur og skreyta þær í síðustu tveimur tímunum.

Hæfniviðmið: að nemandi

- geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu
- geti beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsahöld.
- hafi fengið fræðslu um aukefni í matvælum, umbúðamerkingar, útlit og gæði matvæla ásamt hvernig skal geyma matvæli.

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.



Hönnun og smíði – Hillusmíði (verkgrein)

Umsjón: Ingólfur Örn Björgvinsson

Tímafjöldi: 2 x 60 mínútur í 6 vikur

Markmið og verkefni: Á þessu námskeiði smíða nemendur einfalda vegghillu úr tré. Þeir þjálfast í notkun vinnuteikninga og uppmælingu á efni og kynnst ólíkum aðferðum við samsetningu á smíðagripum.

Hæfniviðmið: að nemandi

- geti unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu og framkvæmt flókna samsetningu.

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.



Myndlist - Málað með jurtum og blómum (listgrein)

Umsjón: Vilma og Silla

Tímabil: 2 x 60 mínútur í 6 vikur

Lýsing: Við búum til liti úr íslenskum jurtum sem við tínum sjálf. Við vinnum svo spennandi verkefni þar sem teiknum og málum íslenskar jurtir og blóm með jurtalitunum okkar.

Hæfniviðmið: að nemandi

- geti búið til liti úr íslenskum jurtum
- geti unnið mynd með jurtalitum á sjálfstæðan hátt og þekkir eiginleika þeirra
- geti unnið myndverk eftir fyrirmynd

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi: Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.



Textílmennt Prjón (verkgrein)

Umsjón: Ingibjörg Ragnarsdóttir

Tímafjöldi: 2 x 60 mínútur í 6 vikur

Verkefni: Að prjóna vettlinga

Hæfniviðmið: að nemandi

- kunni að prjóna slétt og brugðið
- geti prjónað eftir uppskrift
- geti prjónað með 5 prjónum



Námsmarkmið: Að nemandinn öðlist færni í að þrjóna og að setja eigin hönnun í verkefnið sitt.

Námsmat: Símat er í hverjum tíma þar sem gefið er fyrir vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði/sköpun, verkfærni, umgengni/ábyrgð og samskipti. Í lok námskeiðsins er gefið fyrir í bókstöfum samkvæmt námskrá.